



Ráðningarfari hjá Fjarðabyggð

Almennt um ráðningarfari

Ráðningarfari er nánari útfærsla á reglu um auglýsingu starfa og ráðningu starfsmanna hjá Fjarðabyggð. Reglan er lýsing á ferli við ákvörðun um val umsækjanda um starf sem auglýst hefur verið. Við ráðningar þarf jafnframt að gæta að ákvæðum stjórnsýslu- og upplýsingalaga.

Með vönduðu ráðningarfari er stuðlað að auknum árangri og bættu umhverfi starfsmanna með því að draga úr kostnaði og styrkja jákvæða ímynd sveitarfélagsins.

Ráðningarfarið sjálft, s.s. gerð og birting starfsauglýsinga, vinna við meðhöndlun umsókna og viðtöl, auk þjáfunar á nýjum starfsmanni, er kostnaðarsamt. Kostnaðurinn verður auk þess enn meiri ef starfsmaðurinn veldur beinlínis skaða meðan hann starfar hjá sveitarféluginu, t.d. með því að hafa skaðleg áhrif á vinnuandann og koma óorði á stofnun með slökum vinnubrögðum. En það er ekki aðeins dýrt að ráða starfsmann sem ekki stendur sig, heldur kostar einnig sitt að hafna mjög hæfum umsækjendum.

Óformleg viðtöl og meðmæli, eru ekki til þess fallin að greina á milli þeirra sem standa sig í meðallagi vel eða illa, og þeirra sem standa sig með afburðum. Því ber að vinna skipulega að mati umsókna og vinna mat út frá vel skilgreindum starflslýsingum og auglýsingum hvað varðar kröfur um hæfni.

Ráðningarfarið og samskipti við umsækjendur hefur mjög mórandi áhrif á ímynd sveitarfélagsins. Ein ástæða þess að hæfir umsækjendur hafna starfi sem þeim stendur til boða, er að illa er staðið að ráðningarfari. Umsækjendur sem fara í gegnum faglegt ráðningarfari fá hins vegar á tilfinninguna að borin sé virðing fyrir þeim. Þeir skilja við sveitarfélagið með jákvæða ímynd af því, jafnvel þrátt fyrir að þeim hafi verið hafnað.

Faglegt ráðningarfari byggir á því að tími og vinna er lögð í að greina hvers konar starfsmanni sé leitað að. Viðtöl eru byggð á spurningum sem líklegar eru til að spá fyrir um árangur og markmið starfsmanns. Tekin eru stöðluð viðtöl við alla umsækjendur til að gæta réttlætis og til að niðurstöðurnar séu samanburðarhæfar. Þá eru niðurstöður viðtala og mat á reynslu og menntun borin saman á formlegum kvarða. Meðmæli eru takmörkunum háð og ber ekki að reiða sig um of á þau og því getur verið gott að leita eftir upplýsingum, með samþykkis starfsmanns, út fyrir meðmælendahópinn. Góð persónuleika- eða hæfnispróf geta styrkt matsferlið.

Undirbúningur

Áður en starfið er auglýst er starflslýsing yfirfarin og starfsauglýsing gerð. Hafa ber í hug hvaða hæfni, reynslu og menntun er leitað eftir. Samhlíða er undirbúinn matsskali og spurningar sem spurt er í starfsviðtali. Aflað er upplýsinga um launaflokk og launakjör samkvæmt kjarasamningi. Upplýsingar um launakjör og starflslýsingu veitir mannaðs- og kjarateymi.



Auglýsing

Starfið er auglýst samkvæmt reglum um auglýsingu starfa. Vísað er til kjarasamninga sem gilda um starfið en hafa ber í huga að í ákveðnum störfum s.d. þeim sem taka laun eftir starfsmati, getur starfsmaður átt val á stéttarfélagi. Auglýsa skal með hæfilegum fyrirvara og með þeim hætti sem eðlilegt telst hverju sinni, þó ekki skemmri en tvær vikur.

Í auglýsingu skal koma fram lýsing á:

- Stjórnskipun
- Verkefnum
- Starfshlutfalli
- Vinnutíma
- Kröfum til umsækjenda
- Umsóknarfresti
- Kjarasamningi sem laun eru greidd eftir
- Hverjur veita upplýsingar um starfið
- Hvattning til beggja kynja að sækja um

Frumvinnsla umsóknna

Við mat á umsóknum ber að yfirlíða hvort umsækjendur uppfylla kröfur auglýsingar. Þær umsóknir sem ekki uppfylla kröfur eru settar til hliðar. Flokka ber umsóknir eftir styrkleika þeirra og hverjur uppfylla best kröfur sem gerðar eru til starfsins.

Viðtöl og mat

Tekin eru viðtöl við umsækjendur sem uppfylla kröfur auglýsingar. Mælt er með að rætt sé við umsækjendur til að yfirlíða umsóknir og kalla eftir viðbótarupplýsingum. Jafnframt séu umsækjendur sem ekki uppfylla kröfur upplýstir og þeim gerð grein fyrir að þeir falli utan þess hóps sem valið standi um. Umsækjendum skal raðað til bráðabirgða upp eftir styrkleika umsókna. Í frambaldi eru valdir þeir aðilar sem koma sterkelega til greina og tekin viðtöl. Mælt er með því að viðmælendur séu ávallt einn af hvoru kyni. Stuðst er við staðlaðan spurningarlista. Að afloknum viðtölum er gert bráðabirgðamat á niðurstöðu viðtals. Í viðtali er leitast við að fá fram sýn starfsmanns á starfið ásamt bakgrunni. Þá er falast eftir heimild til að kanna bakgrunn umsækjanda. Fyrirmund að matsskala og spurningum er hægt að fá hjá forstöðumanni stjórnsýslu eða mannaúðs- og kjarateymi.

Ákvörðun um ráðningu

Að afloknum viðtölum er mat lagt á umsækjendur og matsskali uppfærður endanlega. Þurfi að boða til viðtals að nýju, til að fá nánari upplýsingar, er mælt með að það sé gert. Því næst er farið yfir niðurstöður og hugað að rökstuðningi fyrir ráðningu.

Ráðning

Þeim umsækjanda sem kemur sterkeastur út úr mati er boðið starfið. Hafni hann starfi er gengið á röðina eftir styrkleika. Gangi ráðning eftir er hafin nauðsynleg skjalagerð sbr. reglur um skil launagagna.



Umsækjendur uppfylla ekki kröfur eða umsóknir berast ekki

Uppfylli umsækjendur ekki nægilega vel viðmið og markmiðum með ráðningu er ekki náð, getur yfirmaður fallið frá ráðningu og hafnað öllum umsækjendum. Skal ákvörðun borin undir bæjarritara og forstöðumann stjórnsýslu. Málefnaleg rök þurfa að liggja fyrir ákvörðun. Sé tekin ákvörðun um að fram lengja umsóknarfrest til að stækka hóp umsækjenda þarf að gera það áður en umsóknarfresturinn er útrunninn og er þá almennt veittur tvöfaldur umsóknarfrestur.


Tilkynningar til launadeildar

Forstöðumönnum stofnana ber að tilkynna breytingar á starfsmannahaldi. Þeir bera ábyrgð á frágangi ráðningarsamninga og að þeir séu til staðar. Vísað er til reglna um skil á launagögnum til mannaúðs- og kjarateymis.

Hlutverk stjórnsýslu- og þjónustusviðs

Launafulltrúum, bæjarritara og forstöðumanni stjórnsýslu ber að aðstoða eftir getu við undirbúning, ráðgjöf og vinnu við ráðningar. Ef álitamál koma upp varðandi túlkun ráðningarkjara skal þeim vísað til sviðsins.

Fjarðabyggð 19. júlí 2018



Samþykkt á fundi bæjarráðs 12. september 2016.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar 15. september 2016.

Samþykkt í bæjarráði í umboði bæjarstjórnar 16. júlí 2018, í kjölfar sameiningar Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar.

